



STARFSMAÑNAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRETTABRÉF

5. tbl. 45. árg. des. 2010



Glæðilega hátíð



Leiðari

daginn. Það er að vísu ekkert nýtt fyrirbæri að koma á falskri öryggiskennd hjá viðsemjendum, sjálfsagt er það kennt í einhverjum stjórnunarfræðum, svo oft er þetta notað í samskiptum stjórnenda og starfsmanna.

Samráð er orð sem sprettur víða upp og er gripið til þegar fjöldauppsagnir eru fyrirhugaðar. Það á að nota það í þeim tilgangi að leitast við að fækka þeim sem sagt yrði upp. Þegar orðið samráð er skoðað í orðabók stendur alltaf það sama, a.m.k. í Íslenskri orðabók Menningasjóðs frá árinu 1983, að aðilar ætla að ráða saman, að báðir aðilar hafi áhrif á hvað gert er. Ef skoðaður er tilgangur laga um fjöldauppsagnir þá styrkir það þennan skilning. Aftur á móti þegar upp er staðið eftir mikil fundarhöld, uppgötvar maður að skilningur mótadila sé sá, að samráð sé að hlusta og svara spurningum en fram kvæma síðan það sem upphaflega stóð til.

Ráðningaröryggi

Þegar grannt er skoðað er það samfélagið sem tekur ákvörðun um hvaða þjónustu á að veita, það ákveður það í gegnum fulltrúa sína á þingi og í sveitastjórnnum. Það eru því kjörnir fulltrúar í sveitastjórnnum sem hafa fengið starfsfólk í lið með sér til þess að uppfylla kröfur íbúa. Þessum starfsmönnum er nauðsyn á starfsöryggi til þess að geta starfað sem liðsheild. Þetta á við alls staðar

þar sem vinnuveitandi telur að heilindi, trúnaður og starfsánægja sé hluti af því að vel gangi, hvort sem um er að ræða stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök. Ef ekki er starfsöryggi, þá eru ekki heilindi, ef ekki er starfsöryggi þá er ekki trúnaður og ef ekki er starfsöryggi þá er erfiðara að viðhalda starfsánægju.

Í raun á þetta við alls staðar þar sem fólk vill vinna saman við að ná markmiðum sínum. Því skiptir máli að það séu heilindi í liðinu. Það skiptir líka máli að allir geri sér grein fyrir að liðið eru ekki bara þeir sem hanga á hurðarhúni borgarstjóra heldur einnig þeir sem vinna úti í hverfunum í tengslum við þá sem þurfa á þjónustunni að halda.

Grunnþjónusta og lögbundin

Það er athyglisvert að heyra og verða vitni að hvaða þjónustu sveitafélög eiga að veita og hverja ekki. Það er ekki gott ef sveitafélög láta sér nægja að uppfylla lögbundna þjónustu um leið og harðnar í ári. Ef það er viðhorfið hljótum við að spyrja hvort svokallað sveitastjórnarstig sé ekki óþarft, láta þá nægja að Alþingi ákveði hlutina og láti svo stofnanir og embættismenn um framkvæmdir.

Kjarasamningar

Kjarasamningar eru almennt lausir nú í jólamánuðinum. Þegar þetta er skrifað, bendir ekkert til þess að skrifað verði undir

Orkuveita Reykjavíkur sagði upp fjölda fólks á dögnum. Þetta fyrirtæki sem var stolt Reykvíkinga frá stofnun þess. Fyrirtækið erfði þetta góða orðspor frá forverum sínum, sem voru Rafmagnsveita Reykjavíkur, Hita-veita Reykjavíkur og Vatnsveita Reykjavíkur. Þetta var fyrirtæki, sem íbúar og ekki síður starfsmenn þess voru stoltir af. Það er alltaf sárt að verða vitni að uppsögnum, en þegar maður er fullur efasemda um hvort það hafi verið nauðsynlegt, þá er það enn sárara. Við gerð fyrsta kjarasamnings félagsins við Orkuveitu Reykjavíkur sf. var það viðkvæðið hjá samningamönnum Orkuveitunnar, þegar rætt var um réttindi og öryggi starfsmanna, ekki síst starfsöryggið, að slíkir öryggisventlar væru nánast óþarfir þar sem þetta væri svo gott fyrirtæki. Að því kæmi aldrei til hugar að fara illa með starfsfólk sitt, það væri auður fyrirtækisins. Reyndar á þetta við um alla kjarasamninga síðan, annað hefur komið á

FRÉTTABRÉF

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Dagný Guðmundsdóttir, Jón Ingi

Hilmarsson, Jónína Óskarsdóttir, Ragnhildur Helga-
dóttir og Stefán Pálsson.

Umbrot: Blátt strik ehf.

Prófarkalestur.: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Blátt strik ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir S. Sverrisson

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson formaður

Gunnar Ingi Jónsson verkefnisstj.

Halldór Gunnarsson verkefnisstjóri

Jakobína Þórðardóttir framkv.stjóri

Lára Júlíusdóttir þjónustufulltrúi

Ingvaldur Jónsdóttir þjónustufulltrúi

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Guðrún Árnadóttir - varaform.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari

Jónas Engilbertsson - gjaldkeri

Ása Hauksdóttir

Ingjalður Eiddsson

Ingvaldur Jónsdóttir

Jón Bergvinsson

Jón Ingi Hilmarsson

Sigrún Helga Jónsdóttir

Þórdís Björk Sigurgestdóttir

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

halldor@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

lara@strv.bsrb.is

stak@aknet.is

gardar@strv.bsrb.is

gudrun.arnad@reykjavik.is

gudridur.sigurbjornsdottir@reykjavik.is

j.engilberts@gmail.com

asa@hitthusid.is

ingjaldur.eidsson@or.is

ingo@grundaskoli.is

jon.bergvinsson@reykjavik.is

jhilmars@landspitali.is

shj@foldaskoli.is

thordis@faxafloahafnir.is

samninga á næstu vikum. Það er ljóst að allir aðilar þurfa að átta sig á stöðunni. Það er einnig ljóst að það þarf að hækka launin, það er hluti af endurreisninni. Það þarf að koma skriði á einkaneyslu, það þarf að komast úr þessu frosti. Um leið má verðbólgan ekki fara úr böndunum. Það þarf að verja störf, ef það er ekki gert, mun vandinn fara í auknum mæli í þann farveg þar sem allir reyna að yta honum á undan sér og helst yfir á aðra. Það er ekki lausn að greiða fólki fyrir að gera ekki neitt, það er skemmandi fyrir samfélagið og mannskemmandi fyrir þann sem fyrir því verður.

Það þarf einnig að huga að þeim sem hafa

minnstan kaupmáttinn. Erfiðleikarnir við það eru að ekki er alltaf ljóst hverjir það eru, þar skipta máli launin, fjöldi sem býr á heimili og skuldir heimilisins.

Á jólum og um áramót

Nú þegar jólahátíðin gengur í garð og nýtt ár er í sjónmáli, þá má hugleiða það sem sagt er, að grín er dauðans alvara og ekki er víst að óbærilegur léttleiki tilverunnar sé svo léttbær og ekki endilega hið besta mál.

Því skora ég á alla sem málið varðar að búa svo um hnútana að félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar geti verið hluti af þeirri líðsheild sem getur tekið þátt í

þeirri endurreisn sem framundan er.

Með von um bjarta framtíð á komandi ári, sendi ég félagsmönnum og fjölskyldum þeirra bestu jóla- og nýárskveðjur og þakka þeim samstarfið.

*Með félagskveðju,
Garðar Hilmarsson formaður St.Rv.
Skrifað 13.12.2010*



Hin árlega jólatrésskemmtun St.Rv. og SFR verður haldin í Gullhömrum, Þórhildarstíg 2, 113 Reykjavík, miðvikudaginn 29. desember, kl. 17-19. Hljómsveit mun spila jólalögin og jólasveinar dansa með börnunum. Gestum verður boðið upp á kókuhlaðborð og börnin fá nammipoka með heim.

Miðinn kostar 600 kr. en þeir verða seldir á skrifstofu félagsins, Grettisgötu 89, (opið alla virka daga kl. 9-16) eða í síma 525-8330.

Norðurlandasamstarf



Hópur fulltrúa frá BSRB sóttu ráðstefnu NTR- nordisk tjenestemænd ráð síðastliðið sumar.

Í þeim hópi voru 4 fulltrúar frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, þau Garðar Hilmarsson formaður, Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari, Jónas Engilbertsson gjaldkeri og Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri félagsins.

Til fjölda ára hefur verið gott samstarf á milli samtaka borgar og bæjarstarfsmanna á Norðurlöndunum. Bandalag ríkis og bæja hefur verið beinn aðili að þessu samstarfi en sl. ár varð sú breyting á að einstök félög innan BSRB fóru að taka ríkari þátt í samstarfinu.

Ráðstefnan í sumar var haldin í Nådendal í Finnlandi.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „norræna módelið“ og er þar átt við velferðarmál, skattamál, samfélagsmál, samskipti á vinnumarkaði og fleira. Það má segja að Norðurlöndin hafi markað sér nokkra sérstöðu í heiminum varðandi fyrirkomulag á þessum þáttum og vakið verðskuldaða athygli fyrir.

Dagskráin var áhugaverð og þéttskipuð bæði af áhugaverðum erindum og umræðuhópum.

Fyrri daginn hélt **Lars Magnusson**, prófessor í hagsögu, erindi um bakgrunn og hugmyndafræði norræna módelisins og stöðu þess nú. Einnig fór Leif í gegn um samanburð við önnur módel s.s engilsaxneskt. Eftir það var unnið í vinnuhópum þar sem fjallað var um mismunandi efni á hverju borði:

- Tryggingarkerfið – sjúkradagpeningar, almannatryggingar og atvinnuleysisbætur.
- Fyrirkomulag á vinnumarkaði
- Samskipti á vinnumarkaði, þrífliða samstarf
- Fjármögnun kerfisins - skattar og skattaávilnanir
- Jafnréttismál – launajafnrétti – hindranir
- Stéttarfelögin – verkfallsréttur – aðgerðir og aðferðir og þróun.

Seinni daginn var fjallað um pólitíska, efnahagslega, félagslega og hugmyndafræðilega þróun norræna módelisins og tóku nokkrir til máls um það efni

Rigmor Dam, blaðamaður, fjallaði um samstöðuna og mikilvægi hennar, sem þyrfti að skilja með hjartanu. Hún lagði mikla áherslu á að leysa mál með „solitaritet“ eða samhug/samstöðu.

Cristin Anotorin, þingmaður í danska þinginu fyrir sósíaldemókrata talaði um sérstakt hugtak, „flexicurity“ sem lýsir sveigjanleika en jafnframt öryggi á vinnumarkaði. Hún talaði um

mikilvægi þess að vinnumarkaður í síbreytilegum heimi þyrfti að vera sveigjanlegur en tryggja þyrfti að starfsmönnum stæði til boða að mennta sig í ný og breytt störf.

Per Sedigh, sem var fulltrúi opinberra atvinnurekenda í Svíþjóð, fjallaði um fjármögnun velferðarkerfisins og það að áherslan væri að fara frá magni þjónustu yfir í gæði hennar.

Arild Sten frá Atvinnuþróunarstofnun í Noregi fór í gegnum mikilvægi þess að stöðugleiki væri í efnahagsmálum, mikilvægi atvinnuvega, sem gæfu vel af sér og vel rekinnar opinberrar þjónustu.

Hann talaði um mikilvægi þess að vera með vel skipulögð samtök launafólks og nauðsyn þess að gera vinnuveitendum og yfirvöldum ljóst hvers virði þau eru fyrir samfélagið og að vinnuveitendur hagnist af

því að starfsmenn séu í stéttarfelögum.

Anna Skare Nielsen, framtíðarfræðingur, lokaði svo rástefnunni með eins konar framtíðarsýn. Hún sagði m.a. að tími uppbyggingar væri að renna upp, áherslan á að skila „góðu búi“ til kynslóðanna og fagmennsku almennt yrði sífellt meiri og myndi tími amatöranna renna sitt skeið á enda árið 2010. HR (Human resource) myndi víkja fyrir HP (human potencial), þ.e. ekki verður litið á starfsmenn sem auðlind eingöngu heldur verða möguleikar þeirra til að þróa sig áfram og sveigjanleiki mikils metnir. Vinnutíminn mun ekki miðast við klukkuna heldur kompásinn, þ.e. vinnan verður að vera gefandi en ekki bara vinna frá 8 til 16 fyrir launum. Skilgreining árangurs verður það besta en ekki það mesta og nýsköpun og frumleiki verða grundvallaratriði í allri starfsemi.

Það helsta sem kom fram í þeim hópum sem við tókum þátt í og einnig í fyrirlestrum:

Norðurlöndin eru öll í tíu efstu sætunum í könnunum yfir hamingjusömustu þjóðir í heimi. Þrátt fyrir þá staðreynd að skattar eru hæstir á þessu svæði. Atvinnuþátttaka er almennust og þar af lang mest á Íslandi.

Norðurlandabjóðirnar eiga það sameiginlegt að hafa öflugt velferðarkerfi. Einnig eiga þær það sameiginlegt að það hefur verið um nokkurn tíma svokallað þrífliða samstarf á vinnumarkaði, þ.e. á milli verkalyðshreyfingarinnar, ríkisstjórnar og vinnuveitenda. Þetta hefur haft þau áhrif að meiri friður er á vinnumarkaði og meiri skilningur ríkir á milli aðila en víða annars staðar í heiminum.

Samanburður við hin Norðurlöndun leiddi í ljós að íslenska kerfið er alls ekki hreinræktað norrænt módel, heldur mjög blandað og gætir mikilla engilsaxneskra áhrifa hér. Skattar hafa verið lægri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum og auk þess hefur verið meira um það hér að launatengja greiðslur frá ríki s.s barnabætur og húsaleigubætur á meðan þessar greiðslur hafa verið óháðar launum eða fjárhagsstöðu á hinum Norðurlöndunum. Fram kom að vilji Dana, Svía og Norðmanna til þess að greiðs skatta er mikill, þrátt fyrir að skattar í þessum löndum séu hærri en á Íslandi, kemur fram í sköðanakönnunum í þessum löndum að fólk vill frekar hækka skatta en skerða velferðina.

Fulltrúar St.Rv. á ráðstefnunni

Reykjavíkurborg hlýtur verðlaun



Vinningshafar ásamt forseta Íslands og fulltrúa Starfsmenntarráðs.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Starfsmenntaverðlaunin við hátíðlega athöfn í BSRB húsinu í gær. Starfsmenntaverðlaunin eru veitt þeim aðilum sem vinna að framúrskarandi verkefnum í fræðslumálum og starfsmenntun. Tilgangur Starfsmenntaverðlaunanna er að styðja við nýsköpun og framþróun starfsmenntunar á Íslandi ásamt því að vekja athygli á málefnum. Verðlaunin eiga að vera verðlaunahöfum hvatning til áframhaldandi starfa og öðrum til fyrirmyndar á þessu sviði. Starfsmenntaráð veitti verðlaunin í síðasta sinn, en þau flytjast nú á hendur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. BSRB er aðili að Fræðslumiðstöðinni.

Verðlaun 2010 hlutu:

- Í flokki fyrirtækja: Reykjavíkurborg fyrir verkefnið Íslenskuskólinn
- Í flokki skóla og fræðsluaðila: Landbúnaðarháskóli Íslands / Endurmenntun Lbhf fyrir verkefnið Grænni skógar.
- Í flokki félagsamtaka og einstaklinga: Starfsafli fyrir verkefnið Fræðslustjóri að láni. Kaffitár sem fulltrúi fyrirtækja í verkefnum Fræðslustjóri að láni.



Styrkir Styrktarsjóðs BSRB hækka

Fréttatilkynning Styrktarsjóðs BSRB:

Við lifum sérstaka tíma á Íslandi nú um stundir. Sérstakir tímar kalla á sérstakar lausnir. Allt þarf að hugsa upp á nýtt. Það þurfum við líka að gera sem stjórnnum sjóðum verkalýðshreyfingarinnar. Við þurfum að skilgreina upp á nýtt þarfir félagsmanna okkar, sjá hvar skórinn kreppir og bregðast við í samræmi við það. Þá þurfum við að taka mið af ákvörðunum stjórnvalda sem óhjákvæmilega koma til með að hafa áhrif á starfsöryggi og afkomu félagsmanna okkar. Atvinnuleysi fer nú vaxandi og ef fer sem horfir mun það í auknum mæli bitna á okkar félagsmönnum. Atvinnuleysinu fylgir auknið álag og streita og gildir hið sama um fólk sem býr við óvissu um hvað er handan við hornið í þessum efnunum. Þá munu greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi skerðast enn eins og kemur fram í niðurskurðartillögum fjárlagafrumvarpsins.

Stjórn Styrktarsjóðs BSRB hefur ákveðið að hækka verulega styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins sem taka gildi 1. janúar 2011 og koma á þann veg til móts við félagsmenn sem sæta niðurskurði og vaxandi atvinnuleysi.

Fæðingarstyrkur mun hækka úr 170.000 krónum í 220.000 krónur - miðað við 100% starf. Miðast hækkunin við börn fædd eftir 1. janúar 2011.

Nýtt er að framhaldsrannsókn vegna krabbameinsleitar á vegum Krabbameinsfélags Íslands, er styrkt um allt að 10.000 og einnig getur sjóðfélagi fengið styrk til krabbameinsskoðunar

í ristli og blöðruhálskirtli að hámarki 10.000.

Styrkur til sjúkrahjálfunar hækkar úr 1.000 í 1.500 fyrir hvert skipti.

Styrkur til meðferðar hjá sálfræðingi hækkar úr 4.500 í 5.000 í hvert skipti.

Styrkur til dvalar hjá Heilsustofnuninni í Hveragerði hækkar úr 1.500 í 2.000 á dag í 20 daga.

Skoðun hjá Hjartavernd verður styrkt allt að 17.000 sem er fullnaðargreiðsla skv. gjaldskrá.

Styrkur vegna tæknifrjógungunar hækkar úr 100.000 í 150.000 einu sinni.

Sjónlagsaðgerð á báðum augum hækkar úr 50.000 í 100.000.

Endurnýjaður réttur til gleraugna- og heyrnartækjakaupa fer úr 48 mánuðum í 36 mánuði.

Líkamsræktarstyrkur hækkar úr 15.000 í 20.000.

Styrkur vegna útfarar félagsmanns hækkar úr 100.000 í 200.000.

Þá var ákveðið að hægt yrði að styrkja atvinnulausa félagsmenn sem missa greiðslur vegna veikinda, um allt að 80% af atvinnuleysisbótum í 45 daga.

Það er von stjórnar sjóðsins að með þessum breytingum takist sjóðnum að koma betur til móts við þarfir félagsmanna sinna.

Stjórn Styrktarsjóðs BSRB

Áhrif uppsagna á starfsmenn og vinnustaðinn

Ingrid Kuhlman



Íslenskir vinnustaðir standa nú fyrir einhverri mestu áskorun síðari tíma. Margir hafa þurft að grípa til uppsagna, breyta starfshlutfalli starfsmanna og lækka laun þeirra, eða eru í startholunum með hagræðingaradgerðir. Sums staðar eru uppsagnir yfirvofandi eða stendur til að skera niður starfsemi. Áhrifin eru þau að starfsöryggi fólks er ógnað og óvissuástand-

ið í samfélaginu dregur enn frekar úr öryggistilfinningu fólks. Skuggahlíðar uppsagna og lítils starfsöryggis á vinnustöðum eru að fólk dregur sig inn í skelina og upplifir vanmátt. Það er ekki aðeins smeykt við að fá uppsagnarbréfið heldur líka með áhyggjur af því að þurfa að vinna meira eða sætta sig við tilfærslu eða launalækkun. Rannsóknir hafa sýnt fram á að starfsóöryggi skapar jafn mikla streitu og uppsögn.

Að missa starfið

Við skilgreinum okkur oft í ljósi þess starfs sem við stundum og starfið er stór hluti af sjálfmynd okkar. Við uppsögn bíður tilfinning okkar fyrir eigin vægi ákveðið skipbrot og þess vegna kallar uppsögn yfirleitt fram sterkar tilfinningar. Hún raskar þeirri mynd sem við höfum af veruleikanum og henni fylgir oft höfnunartilfinning. Uppsagnarviðtal má sjá sem flóðbylgju af upplýsingum sem kemur heimsmýnd okkar úr jafnvægi; okkur finnst sem framtíðarvæntingar okkar verði að engu. Þessar væntingar varða ekki aðeins starfið sjálft heldur einnig þá mynd sem við höfum af sjálfum okkur í öðrum hlutverkum, t.d. sem foreldrum og fyrirvinnu. Atvinnuástandið í dag, sem einkennist af miklu atvinnuleysi og harðri samkeppni um hvert starf, eykur enn á áhyggjur fólks enda sér það fram á erfiðleika við að fá vinnu í framhaldinu auk fjárhagsáhyggna.

Fjölmargar tilfinningar láta á sér kræla eftir uppsagnartíðindi s.s. afneitun, reiði, sorg, biturð, örvænting, doði, sjálfsvorkunn, þunglyndi og skömm. Hægt er að sjá ákveðið tilfinningamynstur í því hvernig fólk bregst við slæmum tíðindum.

Fyrsta stigið: Afneitun

Fyrstu viðbrögð þess er fær uppsagnartíðindi eru oft að afneita þeim. Þetta eru varnarviðbrögð sem hjálpa okkur að draga úr þeim sársauka sem skilaboðunum fylgir. Afneitunin kemur fram í athugasemdum eins og „Nei, þetta getur ekki verið satt!“, „Þetta hlýtur að vera misskilningur.“ Við trúum einfaldlega ekki að við skulum lenda í þessu.

Annað stigið: Reiði

Þegar við áttum okkur á staðreyndunum koma oft aðrar tilfinningar, eins og gremja og reiði, sem getur beinst að yfirmanninum, vinnustaðnum eða hinu ytra umhverfi. Reiðin getur tekið á sig ýmsar myndir eins og beinskeyttar athugasemdir, við brýnum raustina, verðum reið, blótum og tjáum okkur með áleitnum handahreyfingum.

Þriðja stigið: Sorg

Eftir að okkur hefur runnið reiðin beinast tilfinningarnar yfirleitt inn á við og við verðum þögul, viðkvæm, döpur og niðurdregin. Sorgin getur birst í setningum eins og: „Ég er alltaf svona óheppin(n)!“ eða „Það er örugglega af því að ég er til einskis nýt(ur)!“ Við getum fundið til sjálfsvorkunnar og verið viðkvæm.

Fjórdá stigið: Samþykki

Síðasta stig er við höfum meðtekið skilaboðin og á vissan hátt sætt okkur við þau. Þetta skref í sorgarferlinu einkennist oft af spurningum sem varða nútíðina eða framtíðina, eins og t.d.: „Hvað er hægt að gera í minni stöðu?“ eða „Á ég þá að fara núna?“ Fyrst á þessum tímamarki erum við tilbúin til að leita lausna og ræða framtíðina.

Ólík birtingarform

Starfsmisssir er áfall sem við erum mislengi að jafna okkur á og sorgarferlið er langt frá því að vera það sama hjá öllum. Viðbrögðin eru mismunandi eftir persónuleika og einnig eftir því hversu alvarleg tíðindin eru í augum viðtakandans. Mikilvægt er að átta sig á því að þetta eru eðlileg viðbrögð við þeirri erfiðu reynslu sem starfsmisssir er. Við þurfum að vinna okkur í gegnum þessar óþægilegu tilfinningar þar sem þær eru mikilvægt skref í að öðlast styrk á nýjan leik.

Áhrifin á þá starfsmenn sem eftir eru

Uppsagnir hafa líka áhrif á þá starfsmenn sem eftir eru og geta haft þær afleiðingar að vinnustaðurinn verður varla svipur hjá sjón og til lítils megnugur. Viðbrögð þeirra sem eftir verða á vinnustað eftir uppsagnir einkennast m.a. af eftirfarandi atriðum:

- Ótta við frekari uppsagnir og kvíði: Starfsmenn eru uggandi um sinn hag og hugleiða líkurnar á því hvort þeir séu næstir á uppsagnarlistanum og hvaða þýðingu það muni hafa að verða atvinnulausir. Starfsöryggi þeirra er verulega ógnað.
- Minni áhættusækni og þverrandi frumkvæði: Starfsmenn þora minna að tjá sig, vera að einhverju leyti ósammála eða rugga bátnum þegar frekari uppsagnir vofa yfir. Þeir verða tregir til að taka að sér ný verkefni og reyna að lágmarka hættu á mistökum. Tilfinningin að þeim beri skylda til að leggja aukalega að sér hverf ur oft líka.
- Þunglyndi, streitu og þreytu: Fólk finnur fyrir þungslum og sorg yfir ástandinu og þeim missi sem er í fyrrum vinnufélögum auk þess sem mikil þreyta gerir oft vart við sig. Þessar tilfinningar eru

ekki síst áberandi hjá stjórnendum. Fólk leggur harðar að sér til að halda starfinu og fá ekki mínuspunkta í kladdann. Auk þess eykst álagið oft á þeim sem eftir sitja vegna þess að verðmæt þekking hverfur á brott og sumir lenda í því að þurfa að sinna verkefnum sem þeir hafa ekki kunnáttu til.

- Versnandi mórál: Fólk sýnir oft minni hollustu og tryggð auk þess sem veikindafjarvistir aukast. Mórallinn getur versnað til muna og starfsánægjan minnkað.
- Vilja að óvissu létti og að ástandið lagist: Margir lýsa því yfir að þeir óski að niðurskurðartímabilið verði ekki dregið á langinn og finnst erfitt þegar uppsagnir eru framkvæmdar í skömmtum. Á meðan á þeim standi sé mjög erfitt að halda upp starfsþreki og góðum starfsanda.

Það sem er gott fyrir stjórnendur að hafa í huga við meiriháttar breytingar

Ábyrgð stjórnenda og pólitískt kjörinna fulltrúa er mikil í meiriháttar breytingum. Þeir þurfa að varast að koma með óábyrgar yfirlýsingar svo sem að koma með hugmyndir um að vinnustaðir fólks verði lagðir niður fyrr en það liggur endanlega fyrir. Einnig er mikilvægt að þeir átti sig á ástandinu og bregðist við með afgerandi hætti. Það sem er gott að hafa í huga er:

- stóraukið upplýsingaflæði
- að framsetningarmáti upplýsinga sé með mannúðlegum hætti
- að stjórnendur og trúnaðarmenn séu mjög sýnilegir og aðgengi-legir

- að stjórnendur týni sér ekki í björgunarleiðöngurum á meðan skútan sekkur
- að stjórnendur virki starfsmenn í uppbyggilegri vinnu, veiti hlutdeild í stefnumótun, skapi vettvang til að takast á við óvissu, kvíða og aðrar erfiðar tilfinningar og geri málið umræðuhæft
- að stjórnendur átti sig á og hafi skilning á þeim vanda sem milli-stjórnendur lenda oft í við þessar aðstæður

Komi til uppsagna eða breytinga á launum eða starfshlutfalli þurfa stjórnendur að vera meðvitaðir um mikilvægi eftirfarandi ráðstafana:

- Undirbúa aðgerðir af kostgæfni
- Huga að þeirri þekkingu sem ekki má glatast í uppsögnum og skiptir sköpum fyrir framtíðaruppbyggingu vinnustaðarins
- Láta starfsmannahóp vita eins tímanlega og hægt er að það muni þurfa að grípa til aðgerða
- Vanda til uppsagna þar sem kristalskýrt er hvert viðmið er varðandi val á þeim sem sagt er upp
- Undirbúa uppsagnirnar sjálfar þannig að gætt sé að aðstæðum, tilfinningum og reisn þeirra sem látnir eru fara og ekki síður þeirra sem eftir verða.

Greinarhöfundur er framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar og jafnframt ráðgjafi og þjálfari.

FRAMVEGIS

Nám í skjalastjórnun og upplýsingatækni – NYTT

Framvegis býður nýtt nám í skjalastjórnun og upplýsingatækni. Námið er dreifnám þannig að kennsla fer fram í fjarnámi með stuttum staðbundnum kennslulotum þess á milli.

Markmið námsins er að stuðla að aukinni færni þátttakenda í þekkingarstjórnun með hjálp upplýsingatækni í fjölbreyttu skrifstofuumhverfi. Námið er ætlað þeim sem starfa náið með stjórnendum, við skipulagningu og móttöku viðskiptavina. Lögð er áhersla á frumkvæði, ábyrgð og uppbyggileg samskipti milli námsmanns, samnemenda og kennara.

Námið er 240 kennslustundir, byggt á fjórum áföngum sem hægt er að taka staka eða í einni samfellu. Hver áfangi er 60 kennslustundir. Áhersla er lögð á að námið sé hagnýtt og einstaklingsmiðað. Fjarkennslan veitir nemendum sveigjanleika til að aðlaga námið að eigin þörfum og vinnustaðarins. Þannig ætti námið að efla bæði persónulega og faglega færni nemenda sem nýtast ætti vinnustað.

Námið er ætlað þeim sem hafa umsjón með almennri starfsemi vinnustaðarins og til að styrkja þá í að takast á við fjölbreytt verkefni í sfbreytilegu og ögrandi starfsumhverfi. Áhersla er lögð á að styrkja leiðtoga- og samskiptahæfni nemenda þannig að þeir verði færari um



að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á vinnustaðnum. Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi talsverða reynslu af skrifstofu-störfum.

Tveir fyrstu áfangarnir verða kenndir á vorönn 2011. Áfanginn Öflugri sjálfsmynd hefst með staðbundinni kennslu 17. og 18. febrúar og endar með staðbundinni kennslu 31. mars og 1. apríl en þá hefst einnig næsti áfangi um Tæki og tól.

Sennin tvær loturnar verða kenndar á haustönn 2011.

Dagsetningar auglýstar síðar.

Skráning og nánari upplýsingar um námsþætti á www.framvegis.is og í síma 5814914

Árin þegar bæzinn breyttist

- Reykjavík og fyrri heimsstyrjöldin



Mikið hefur verið skrifað um seinni heimsstyrjöldina og áhrif hennar á íslenskt þjóðfélag. Breskt og síðar bandarískt hernám setti svip sinn á flesta þætti þjóðlífsins, atvinna var næg og hátt afurðaverð erlendis varð til þess að Íslendingar gátu fjárfest í hvers kyns tækjum og neysluvarningi. Minna er fjallað um áhrif fyrri heimsstyrjaldarinnar hér á

landi. Þó má færa rök fyrir því að stríðið 1914-18 hafi leitt til meiri breytinga á íslensku þjóðfélagi en urðu þrjátíu árum síðar. Ástæðan fyrir þessari þögn kann að vera sú að á meðan seinna stríðið er tengt við umsvif og framkvæmdir, kallar fyrri heimsstyrjöldin fremur framminningar um skort og harðindi.

Önnur skýring er sú að Íslendingum finnst landið í raun ekki hafa komið við sögu í fyrri heimsstyrjöldinni, þar sem hér var ekkert herlið og engar líkur á hernaðarátökum. Á móti má benda á að völd Bretá hafi verið slík hér á landi á stríðsárunum, að það hafi jafngilt hernámi án hersetu. Bresk yfirvöld höfðu öll ráð Íslendinga í höndum sér í krafti vörusiglinga til og frá landinu. Íslendingar skiptu ekki við aðra en þá sem Bretum þóknaðist og urðu að hlýða sendi-fulltrúa breska heimsveldisins hér á landi í einu og öllu.

Frjálshygja við völd

Mestir áhrifamenn í Reykjavíkurbæ á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar voru verkfræðingarnir Knud (eða Knútur) Zimsen og Jón Þorláksson. Sá fyrrnefndi var kjörinn borgarstjóri árið 1914 í fyrsta og eina skiptið sem kosið hefur verið um það embætti í almennum kosningum.

Þeir Knútur og Jón höfðu verið viðloðandi málefni bæjarins um allnokkurt skeið. Báðir voru þeir hægrisinnaðir í skoðunum, trúðu á mátt einkaframtaksins og voru almennt andsnúnir opinberum rekstri. Þar gengu þeir í takt við aðra reykvíska stjórnámálmenn, því tímabilið frá því undir lok nítjándu aldar og fram að fyrri heimsstyrjöld einkenndist af frjálshygju. Opinberar framkvæmdir voru vissulega til staðar, en gerð var ströng krafa til þess að slík fyrirtæki stæðu undir sér.

Þessi viðhorf komu glögglega fram í tengslum við umræður um byggingu gasstöðvar í Reykjavík á fyrsta áratug tuttugustu aldar. Aðalmarkmiðið með þeirri framkvæmd var að tryggja ljósmeiti fyrir götulýsingu bæjarins, en götulýsing var ótvírætt talin samfélagslegt

verkefni. Sala á gasi til heimila og fyrirtækja var vissulega á dagskránni, en hún var fyrst og fremst hugsuð sem tekjulind fyrir gasstöðina. Ekki var litið svo á að bæjarfélagið hefði neinum sérstökum skyldum að gegna gagnvart einkaheimilum eða atvinnulífi, enda hikuðu stjórnendur Gasstöðvar Reykjavíkur ekki við að neita fólki um að tengjast dreifikerfi stöðvarinnar ef þeim sýndist sem svo að þær tengingar myndu ekki svara kostnaði.

Ný sjónarmið

Þegar líða tók á heimsstyrjöldina neyddust stjórnvöld og borgarar til þess að taka hugmyndir sínar um hlutverk hins opinbera til endurskoðunar. Stríðsreksturinn setti alþjóðaviðskipti úr skorðum. Ýmis varningur, sem talinn var til nauðsynja, varð ýmist ófáanlegur eða verðið rauk upp úr öllu valdi. Útvegsbærinn Reykjavík var sérlega viðkvæmur fyrir þessum sveiflum. Samfélagið treysti á innflutning, jafnt á matvælum sem eldsneyti.

Kornmeti, smjörlíki, egg og jafnvel niðursoðin mjólk voru allt dæmi um innfluttar landbúnaðarvörur á borðum Reykvíkinga í byrjun tuttugustu aldar. Olía var mikilvægt ljósmeiti og kolin knúðu jafnt mótora sem eldavelar, auk þess að kynda híbýli þorra fólks. Eftir því sem leið á stríðið urðu aðdrættir þessir erfðari og ef ekki hefði komið til öflugt opinbert inngríp, er hætt við að algjört neyðarástand hefði brotist út í Reykjavík.

Eldsneytisöflunin var stærsta vandamálið. Reykvíkingar voru orðnir álfka háðir kolum og nútímasamfélög eru upp á olúna komin. Mótekja var nálega aflögð í bænum, en snögglega varð mórinn aftur mikilvægasti elds maturinn. Árið 1915 hafði mótekja í Reykjavík verið talin nema 400 hestburðum. Tveimur árum síðar var talan komin upp í 47 þúsund hesta – það langmesta í sögunni. Árin 1918 og 1919 var svipað magn tekið í bæjarlandinu.

Reykvíkingar höfðu nánast á einni nóttu skipt um aðalorkugjafa sinn. Sú breyting varð möguleg vegna þess að bæzinn stofnaði sérstaka eldsneytisskrifstofu og hóf stórfellda mótöku. Uppundir 300 manns unnu við móinn á sumri hverju og bæzinn sá um verkun og dreifingu.

Ótal verkefni

En það skorti fleira en mó á eldinn. Skammta þurfti vörur á borð við sykur. Mólk var ekki næg og tók bæzinn því að sér að skipuleggja mólkursölu, þar sem foreldrar kornabarna og taugasjúklingar sátu fyrir um dreitilinn. Í tengslum við þennan skort, var mjólk í fyrsta sinn flutt til bæjarins yfir Helligsheiði, en fram að því höfðu Reykvíkingar átt greiðari aðgang að danskri dósamjólk en ferskri mjólk úr Flóanum.

Þótt undarlegt kunnir virðast, gátu húsmæður í sjávarþorpinu Reykjavík átt í vandræðum með að nálgast fisk í soðið og fóru þau vaxandi á stríðsárunum. Þess vegna var gripið til þess ráðs að fá skip á leigu til að veiða fisk fyrir bæjarbúa og sá Reykjavíkurbær um söluna. Kartöflurnar sem éttnar voru með ýsunnir, voru í mörgum

tilvikum ræktaðar af hinu opinbera. Ríki og sveitarfélög hófu kerfisbundna ræktun til að bregðast við yfirvofandi matarskort. Skógerð Reykjavíkur var iðnfyrirtæki sem komið var á laggirnar undir lok stríðsins. Innflutt skæði var ófánlegt og stóð bæjarstjórnin þá að stofnun skóverksmiðju. Óvenjulegasta opinbera atvinnufyrirtækið á þessum skortstímum var þó Brauðgerð Reykjavíkur. Það var verksmiðjubakarí sem komið var fyrir í kyndisal Gasstöðvarinnar. Hafði þá einhverjum útsjónarsömum manni komið til hugar að nýta mætti hitann frá ofnum stöðvarinnar til að baka brauð og skömmu síðar stóðu hvítklæddir bakarar innan um sótuga kolamokara Gasstöðvarinnar og hnoðuðu deig í mörghundruð rúgbrauð á degi hverjum.

Breyting til framtíðar

Fjótlega eftir að slátruninni á blóðvöllum fyrri heimsstyrjaldarinnar hætti, lauk vöruskortinum í Reykjavík. Opinberu stofnanirnar og fyrirtækin sem stofnuð höfðu verið í neyð lögðu upp laupana eða

drógu verulega úr starfsemi sinni. Eftir stendur að viðhorf almennings og stjórnámálanna til opinbers rekstrar höfðu breyst varanlega.

Þótt bein þátttaka Reykjavíkurbæjar í atvinnustarfsemi drægist mikið saman strax í kjölfar stríðsins, var ekki svo auðvelt að hverfa aftur til þeirrar frjálshyggju sem ríkt hafði fyrir stríð. Sú hugmynd að sveitarfélagið hefði hlutverki að gegna við að tryggja borgurunum aðgang að ýmsum nauðþurftum hafði skotið rótum. Þannig voru ákvarðanir um framkvæmdir í raforkumálum á næstu árum ekki einungis réttlætta út frá hagnaðarvon, heldur með vísun til þess að samfélagið yrði að vera í stakk búið til að þola vöruskort vegna stríðsátaka eða af öðrum orsökum.

Með þessum hætti hafði fyrri heimsstyrjöldin varanleg áhrif á gildismat og hugmyndir fólks um tilgang og verkefni hins opinbera.

Stefán Pálsson

Félagsmenn komu saman

Upplstur jólabóka



Félagið bauð félagsmönnum og vinum þeirra upp á kvöldstund með upplestri úr jólabókum og tónlistaratriði miðvikudagskvöldið 24. nóvember sl í samstarfi við SFR. Björn Thoroddsen og Hjörtur Steinarsson spiluðu nokkur lög af alkunnri snilld. Í framhaldinu kom Einar Kárason sem las upp úr stórskemmtilegri bók sinni *Mér er skemmt við góðar undirtektir* og hlátur viðstaddra. Lára Björg Björnsdóttir kom svo og las upp úr bók sinni *Takk útrásarvíkingar* sem gaf Einari ekkert eftir í hómor og skemmtilegheitum, get ekki beðið eftir að lesa þá bók. Boðið var upp á heitt súkkulaði með rjóma, smákökur og randalín að góðum íslenskum sið. Úr þessu varð hið notalegasta kvöld.



Við starfslok Ingibjargar



Ingibjörg Hafliðadóttir lét nýlega af störfum á Borgarbókasafninu og í tilefni þess hélt hún skemmtilega kveðjuráðu fyrir samstarfsfólkið sitt. Hún féllst á að deila henni með okkur hér í fréttabréfinu.

Sýslunga minn hann K.N. vitna ég oft í við hátíðleg tækifæri og nú finnst mér hann eiga vel við hvað varðar veru mína hér í safninu.

Ég brúka þig eins og ég ætti og uni mér gláður hjá þér
Ég fer ekki fyrir en ég hætti,
Og færi ekki þó að ég mætti
Og hætti ekki fyrir en ég fer.

Það var fallegur sumardagur í Reykjavík. Sólin skein, fuglarnir sungu og krummi vinur minn var löngu farinn að drita bláu einhvers staðar uppi í sveit. Malbikið var heitt og það var tjörulykt í loftinu. Ég renndi augunum eina ferð enn yfir auglýsinguna í Mogganum um að það vantaði starfsfólk í nýtt útibú Borgarbókasafns Reykjavíkur í Tryggvagötu.

Ég vissi alltaf að hann Guð léti mig ekki ganga atvinnulausa til lengdar í henni Reykjavík.

Ég ætti ekki að vera í vandræðum, með þessi frábæru meðmæli upp á vasann. Síðasti yfirmaður minn hafði gaukað þeim að mér að skilnaði. Ég fékk nú reyndar smá sting í magann yfir þeim.

Ég hafði nefnilega hnoðað saman hálfgerðum niðvísunum um hann, sem voru sungnar í kveðjuhófinu mínu í Eyjum. (Ég held að

þær séu sungnar þar enn). En kannski var hann bara að tryggja að ég kæmi ekki aftur. Ég valdi mér fót sem ég hélt að væru við-eigandi fyrir verðandi bókavörð og höfðu jafnframt þann kost að ná vel utan um ört breikkandi lendarnar og arkaði af stað hvergi bangin.

Þegar ég kom að fallegasta húsinu í Reykjavík í Þinghóltsstrætinu hljómuðu dillandi hlátrasköll út um opinn kjallaraglugga. Hér hlýtur að vera gaman að vinna hugsaði ég og kjagaði upp tröppurnar.

Inni í húsinu var allt á rúi og stúi, enda verið að flytja. Þarna sat starfsmaður önnum kafinn við vinnu sína.

Hann var ákaflega hár og skeggprúður. Auðsjánlega ekki komið undir rakara hendur mánuðum saman.

Já kaupið er sennilega ekkert til að hrópa húrra fyrir hugsaði ég, en ég hef ekki úr háum söðli að detta í því efni.

Ég barst einhvern veginn upp á aðra hæð í sveig við kassastaflana.

Þar tók á móti mér rauðhærð kona sem heilsaði mér með virktum og kynnti sig sem safnstjóra.

Þetta kom mér þægilega á óvart, hingað til höfðu yfirmenn mínir ævinlega verið karlmenn. Ég rétti henni meðmælalabréfið góða og var hvergi bangin. Hún spurði mig nokkurra spurninga um aldur og fyrri störf. Ég reyndi að svara eftir bestu getu og dró hvergi úr ágæti mínu.

Þá kom þarna afar geðþekkur maður sem hún kynnti sem yfirmann tónlistardeildarinnar, spurði mig jafnframt um frama minn á því sviði.

Mér vafðist hálfpartinn tunga um tönn. Átti ég að fara að tíunda barnakórinn hjá Sigga í Holti og kóræfingarnar á kirkjuloftinu í Eyjum hjá Guðmundi Kantór, eða til hvers skildi vera ætlast. Hvað ætli þetta fólk telji lágmarks þekkingu á tónlist. Lokapróf frá söngskólanum í Reykjavík, fimm ár í simfoníunni eða bara félagsskýrteini í kvæðamannafélaginu Iðunni?

Á endanum stundi ég upp og reyndi að láta ekki á neinu bera, “ég er allvel læs á nótur”. Ég krossaði bara fingurna í jakkavasanum eins og í gamla daga.

Vonandi kemst aldrei upp um mig.

Ég var ánægð með mig og nokkuð létt í

spori þegar ég arkaði heim úr þessari ferð, enda ekki orðin sextug og átti svo sannarlega lífið framundan.

Nokkrum dögum síðar fékk ég símtal.

Ég var ráðin. Það gat ekki farið öðruvísi, ég með þessi frábæru meðmæli.

Það var ekki nóg með að ég væri ráðin heldur var mér boðið í ferðalag fyrsta vinnudaginn.

Óvissuferð. Ég var verulega nervus við að fara í þetta ferðalag þekkjandi engan. En ég dreif mig. Settist við hliðina á ungru stúlku sem ég sá að var ekkert upplifsdjarfari heldur en ég, enda líka byrjandi.

Aldrei hefði mig órað fyrir að svona margt mundi vera um manninn í rúttunni.

Þurfti virkilega svona marga til að reka eitt bókasafn?

Í Keflavík hafði Búkki farið létt með þetta einn, stundum með einhverja konu sér til hjálpar og í Eyjum voru ekki mikið fleiri.

Hvað skildu allt þetta fólk gera? Brátt mundi ég komast að því. Þetta var virkilega spennandi.

Þegar leið á daginn fór ég að átta mig dálítið á fólkinu og hláturinn úr Þinghóltsstrætinu hljómaði svo sannarlega í rúttunni. Mikið var það notalegt. Hugsaði ykkur hvernig heimurinn væri ef enginn gæti hlegið.

Nú eru liðin rúm 10 ár og þessari óvissuferð lokið. Það var stoppað víða, sumir stigu af, aðrir komu í staðinn. Það er eins og gengur.

Við ókum um víðan völl, stundum var vegurinn holóttur og nokkrum sinnum sá ég ekkert út fyrir þoku, en þá voru alltaf hendur á lofti til að styðja mig svo að ég dytti nú ekki úr sætinu, klapp á bakið, leiðbeiningar og ráð um hvernig maður leysir öll mál og sýnir aðstæðunum ædruleysi. Þoka endar jú ekki nema með því að það byrtir til. Oftast ókum við þó í sólskyni um malbikaðan veg, höfðum falletta fjallasýn og tókum gjarnan lagið.

Það er létt í vasa að segja takk fyrir svona ferð, hún hefur verið mér of dýrmæt reynsla til þess að orð dugi.

Kannski er mér efst í huga að þakka ykkur fyrir að umbera mig öll þessi ár, allt málæðið, afskiptasemina og yfirleitt alla mína galla.

Ég er afskaplega lítið fyrir kveðjur enda ekki að fara neitt.

Ef ykkur langar einhverntíma til að minnast mín bið ég ykkur að láta Gleðibankann njóta þess. Þar eru innistæðurnar alltaf lausar og hækka eftir því sem meira er tekið út.

Nú er ég bara að gera mig klára fyrir næstu óvissuferð.

Rútan bíður eftir því að ég hoppi upp í hana. En nú er ég betur undir ferðalagið

búin en síðast, héðan fer ég nefnilega með gott veganesti. Ég hef engar áhyggjur af samferðamönnunum, ég hef lært hjá ykkur að taka mig mátulega hátíðlega og koma bara í gættina eins og ég er klædd. Svo veit ég að ég hitti ykkur eitt og eitt örugglega á einhverri stoppistöðinni.

En eins og K.N segir
Best er nú að byrja að hætta
Búin er ég lengi að þvætta
Endirinn skyldi í upphafi skoða
Áður en maður fer sér að voða.

Ingibjörg Hafliðadóttir



Félagsmálaskóli BSRB

Starfslokánámskeið á höfuðborgarsvæðinu

Námskeiðið verður haldið dagana 31. janúar til 2. febrúar 2011.

Námskeiðið verður frá kl. 16.30 til kl. 19.00 hvert kvöld og er haldið í húsnæði BSRB Grettisgötu 89, 1. hæð.

Námskeiðið er opið öllum félagsmönnum í aðildarfélögum BSRB sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu og mökum þeirra.

Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem eru að nálgast starfslok eða eru nýlega hættir störfum.

Þátttöku þarf að tilkynna fyrir 26. janúar.

Þátttöku skal tilkynna á skrifstofu BSRB, sími 525-8300. Einnig er hægt að skrá sig á netfangið bsrb@bsrb.is

Námskeiðið er frítt fyrir alla félaga í aðildarfélögum BSRB og maka þeirra.

Dagskrá:

Mánudagur 31. janúar

16.30: Sigrún Ingvarsdóttir frá Reykjavíkurborg kynnir þjónustu við aldraða í höfuðborginni.

17.15 Silja Ingólfssdóttir: Kynning á sjálfbodaliðastarfi Rauða krossins

17.30: Kaffi.

17.45: Berglind Magnúsdóttir öldrunarsálfræðingur fjallar um andlega þáttinn við öldrun.

18.30: Sigurður Einarsson framkvæmdastjóri Félags eldri borgara kynnir starf félagsins.

Þriðjudagur 1. febrúar

16.30: Ásta Arnardóttir frá Tryggingastofnun fjallar um almannatryggingakerfið.

17.30: Kaffi.

17.45: Ágústa H. Gísladóttir og Páll Ólafsson frá LSR fjalla um lífeyrismálin.

Miðvikudagur 2. febrúar

16.30: Janus Guðlaugsson, Med. –Íþróttáfræðingur, doktorsnemi og adjúntur við HÍ

-Við eldumst öll- Áhrif markvissrar þjálfunar á heilsu, lífsgæði og afkastagetu og sem fyrirbyggjandi þáttur hjarta- og æðaskjúkdóma.

17.30: Kaffi

17.45: Edda Björgvinsdóttir leikkona – Jákvæðni, húmor og hlýlegt viðmót.

Vel heppnaður starfsdagur



Ánægjan skein úr hverju andliti á þeim fulltrúum og trúnaðarmönnum, sem voru þátttakendur í sameiginlegum starfsdegi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR-stéttarfélags í almannabjónustu föstudaginn 29. nóvember síðast liðinn.

Skipulag fundarins var að fyrirmynd þjóðfundarins. Kraftinn og einbeitinguna mátti vel greina í salnum. Það var gaman að horfa yfir 170 manna sal af fólki þar sem allir voru virkir allan daginn.

Unnið hefur verið úr öllum þeim 700 niðurstöðum og hugmyndum sem vöknudú á starfsdeginum, og verða þær nýttar af samninganefndum félaganna í markmiðssetningu fyrir kjarasamninga.



Kjarasamningur Reykjavíkurborg – Undirbúningstími fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum

Í 2 kafla í kjarasamningi í gr. 2.2.4 er fjallað um sérákvæði um kjarasamninga, þar kemur fram: Undirbúnings- og samstarfstími stuðningsfulltrúa í grunnskóla skal vera 4 klst á viku m.v. fullt starf. Undirbúnings- og samstarfstíma skal varið til samstarfs við aðra faghópa í grunnskóla og foreldra.

Ályktanir

Stjórn BSRB lýsir furðu á afstöðu stjórnenda ríkisstofnana

Stjórn BSRB lýsir furðu yfir niðurstöðum könnunar hjá forstöðumönnum ríkisstofnana, þar sem þeir kalla eftir breytingum á lögum og reglum til að stuðla að skilvirkum ríkisrekstri. Sé pottur brotinn í þeim efnum hlýtur að vera við stjórendurna að sakast.

Samkvæmt könnuninni lætur aðeins um helmingur forstöðumanna fara fram reglulegt mat á frammistöðu starfsmanna. Slíkt mat er undirstaða góðrar mannauðsstjórnunar og bagalegt að forstöðumenn ríkisstofnana skuli láta undir höfuð leggjast að nýta sér þau verkfæri sem þeim standa til boða til að gera stofnanirnar skilvirkari, þjóðinni allri til heilla. Öll úrræði eru þegar fyrir hendi.

Góðir stjórnendur þekkja kosti starfsmanna sinna og nýta sér þá til að skapa betri stofnun. Til þess þarf reglulegt starfsmannasamtal að fara fram. Stjórn BSRB telur miður að ekki skuli fleiri forstöðumenn ríkisstofnana en raun ber vitni beita tækjum skilvirkrar mannauðsstjórnunar

Stjórn BSRB ályktar um fjárlagafrumvarpið

Hlífum láglaunafjölskyldum en hækku fjármagnstekjuskatt

Stjórn BSRB mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarinnar um að sækja rúma 2 milljarða króna til barnafólks og þeirra lægst launuðu, sem fram koma í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011. Enn einu sinni á að skerða greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi, að þessu sinni um 1 milljarð króna. Þá á að skera barnabætur niður um 900 milljónir króna og vaxtabætur um 270 milljónir króna. Alls gera þetta 2,17 milljarða króna. Ljóst er að þessar breytingar koma verst niður á barnafjölskyldum og láglaunafólki. Ríkisstjórn sem kennir sig við jöfnuð og velferð ætti að leita annað eftir tekjumöguleikum.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að hækka fjármagnstekjuskatt úr 18 í 20% og hefur það í för með sér 1,5 milljarða króna tekjuaukningu. BSRB leggur til að fjármagnstekjuskatturinn verði hækkaður í 23%, en það hefði í för með sér 3,75 milljarða króna í tekjuaukningu. Með slíkri breytingu væri hægt að hætta við niðurskurð á fæðingarorlofsjóði, barnabótum og vaxtabótum og beita skattkerfinu til jöfnuðar.

Þær ákvarðanir sem teknar eru í fjárlagafrumvarpinu hafa áhrif á hvernig samfélag við mótum til næstu ára. Hlífum þeim sem verst standa og sækjum frekar til þeirra sem meira hafa á milli handanna.

Stjórn St.Rv. ályktar um málefni Orkuveitunnar

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar ályktaði um málefni Orkuveitu Reykjavíkur í lok október þegar ljóst var að af umfangsmiklum uppsögnum yrði og sendi til stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur og víðar.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar lýsir yfir miklum vonbrigðum með áform Orkuveitu Reykjavíkur að ráðast í svo umfangsmiklar uppsagnir, sem fyrirhugaðar eru.

Það er skoðun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar að fyrst hefði þurft að kanna til hlítar aðrar leiðir og fá úr þeim niðurstöðu s.s. sölu eigna, gjaldtöku af hinni ýmsu þjónustu og aðrar hagræðingar í rekstri, ekki einungis úr kjarnastarfsemi OR heldur einnig afleiddri þjónustu fyrirtækisins, áður en kemur að svo afdrifaríkum aðgerðum sem fjöldauppsagnir eru.

Félagið hefur áhyggjur af því að starfsmenn, sem unnið hafa dyggilega fyrir fyrirtækið í fjölda ára og sagt verður upp, eigi margir hverjir eftitt með að komast inn á vinnumarkað aftur í því árferði sem nú ríkir.

Fullorðinsfræðslu stefnt í hættu

Fræðslunefnd BSRB lýsir yfir þungum áhyggjum vegna stöðu fullorðinsfræðslu í landinu. Um síðustu áramót var framlag til fjar- og kvöldnáms í framhaldsskólum skorið niður um 50%. Það olli mörgum skólum erfiðleikum og bitnaði á því uppbyggingarstarfi sem þar hafði farið fram. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er enn gert ráð fyrir skertum framlögum til málaflokksins. Ljóst er að það mun ganga af sumum námsbrautum dauðum.

Kannanir sýna að Íslendingar standa þeim þjóðum sem þeir bera sig reglulega við að baki menntunarlega séð og of mikið hefur verið einblínt á stúdentspróf hér á landi. Fullorðinsfræðsla er liður í því að bjóða fólki upp á annað tækifæri til náms, þjóðfélaginu öllu til hagsbóta. Gert hefur verið áttak í stofnun styttri námsbrauta á framhaldsskólastigi sem fullorðnu fólki með litla framhaldsmenntun hefur staðið til boða að sækja með starfi. Við þessar aðstæður þrengir verulega að starfsemi þessara deilda. Einnig hefur verið mikil vakning í því að fullorðið fólk fari og láti meta raunfærni sína, en með svo miklum niðurskurði í framhaldsskólum er ljóst að fullorðnu fólki sem vill fá annað tækifæri til náms er gert það illmögulegt.

Niðurskurðurinn nú tefli öllu þessu uppbyggingarstarfi í hættu og er þar að auki óskynsamleg leið út úr kreppunni. Reynsla annarra þjóða sýnir að þegar skóinn kreppir að og atvinnuleysi eykst eiga stjórnvöld að auka framlög til menntunar og efla námsleiðir fyrir fólk sem missir vinnuna. Niðurskurður í fullorðinsfræðslu lokar á leiðir til virkni í samfélaginu fyrir atvinnulausa. Þá viðheldur hann einsleitni í menntunarleiðum og vinnur gegn markmiðum um betur menntaða þjóð.

Ályktun fræðslunefndar BSRB

Fræðslunefnd BSRB lýsir þungum áhyggjum yfir fyrirhuguðum niðurskurði til framhaldsskóla. Ljóst er að ef fram heldur sem horfir í fjárlagafrumvarpinu geta skólarnir ekki tekið við öllu því unga fólki sem vill leggja stund á framhaldsskólánám. Það leiðir til aðstöðumunar á milli kynslóða.

Ungt fólk á framhaldsskólaaldri þarf hvatningu til þess að stunda nám. Niðurskurður í framhaldsskólanum gefur þveröfug skilaboð. Sérstakt áhyggjuefni er að niðurskurðurinn verður mestur í þeim skólum sem hingað til hafa tekið við nemendum sem hefja nám á ný eftir brottfall úr skóla. Veruleg hætta er á að sá hópur hrökklist úr skólakerfinu.

Þá er það áhyggjuefni að ef framhaldsskólunum verður sniðinn svo þröngur stakkur sem fjárlagafrumvarpið ber vitni um, neyðast skólastjórnendur til að draga úr fjölbreytni í námi. Skólarnir verða því einhæfari og námið ekki eins skilvirk.

Fræðslunefnd BSRB varar við svo stórtækum niðurskurði á jafn viðkvæmum tímum og nú ríkja. Yfirlýst markmið Menntamálaráðuneytisins um að auka menntunarstig þjóðarinnar eru með þessu að engu gerð.

Nýr orlofshúsavefur - Lykilorð

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar Orlofshúsavefur Tungumál: Íslenska Ineskráning

FORSIÐA ORLOFSKOSTIR LAUS TÍMABÍL MÍÐASALA GREIÐA ÚTHLUTUN UMSÓKN SUMAR UPPLÝSINGAR HJÁLP

Vinsamlegast munið eftir að sækja um sumarúthlutun

Vinsælar eignir Fleiri eignir >>

- Útfljótsvatn 10**
Við suðurenda Útfljótsvatns er orlofshúsasvæði St.Rv. í aðeins 70 km. Ífarlagð þrá Reykjavík. Þar á félagið 10 sumarhús, sem af
- Akrakot í Biskupstungum**
Akrakot er á EÞ- Reykjum í Biskupstungum. Húsið sem er um 60m² með 12m² svefnlofti. Bústaðurinn samanstendur af anddyri,
- Norðurás í Svinadal**
Norðurás 1 er í landi Kambshóts í Svinadal. Í bústaðnum er svefnpláss fyrir 7. Herbergi með hjónarúmi og annað með rúmi 1 og 1/2 breidd og
- Akrasel við Áltavatn**
Akrasel er við Áltavatni Órimsnesi, húsið var keypt og tekið í notkun 1990. Bústaðurinn var stækkaður og endurbættur 2004. Við húsið er stór
- Eiðar 14**
Á orlofshúsasvæði BSRB að Eiðum á Starfsmannafélagið hó húsið. Hver um sig er með þremur svefnherbergjum (svefnstæðum fyrir 6-7),


Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er nú í desember/janúar 2011 að taka í notkun nýjan orlofshúsavef á heimasíðu félagsins www.strv.is.

Kerfið heldur utan um leigu orlofshúsa svo og sölu flugávisanir, Foss hóteliðna og veiðikortið í fyrstu. Síðan koma fleiri möguleikar inn s.s. Eddumiðar og útilegukortið.

Með Fréttabréfi St.Rv. nú fylgir nýtt félagsskírteini og á því er lykilorð inná orlofshúsavefinn. Við viljum benda félagsmönnum á að vera duglegir að skrá sig inn á orlofshúsavefinn og gefa upp virkt netfang (kerfið tekur aðeins eitt netfang) svo hægt sé að senda fréttir af orlofsmálum til félagsmanna.

				Frístund krossgátu- blað (c)	EYDA	PIP- UNNAR	HLJÓÐ	RÓMV. TALA	GINNTAR	SLIT		TVÆR SÍÐUR	ÞVAÐRA
				HEIÐURS				1			AUK UND		
				AFSINNA				DETTA ÚR PRÁÐUM					
				STÆRD RAF- HLÖÐU			VESS- ANS NÆRI						
					VOND GEKK		2				HOL ÁHÖLD		
	↓		HITA	ÖSKU- STÓ	RÁÐ SK.ST. Í TÖLVU- MÁLI					SK.ST. HITA- MÆLIS BREYTIST			
ÍSL. STAFUR		RIT- VERKID PREIFA					KROTA BÆJAR- NAFN						
NÍÐUR					RÖSKI ÓHÓF			FUM RÖDD				HORN- SKO	
KLASTUR				KLAMPAR POKI				DÁÐ RANGT					
BÆJAR- NAFN										GANG- FLÖT STARFS- VILJI	3		
TÖLU- TÁKN		EYDD LITAR				PEKJU- PAUFAR- ANNA GLEYMIST							
	RUGLA KAF- MÆÐINA					4		KNÚÐU DÁNAR- FÉÐ					
EINKUNN		BOR- JÄRN			FRÍÐAR RÁNDÝR				GNÖP GERJUN				
ÁTTAR- TÁKN		Á PRENT- SÍÐU ÆRILEG					HÁSÆTI ELSK- UNNI					GINNING	
STYGGJA					ÞVÍ- LÍKUR GRUNA			KRAGI STEINN					
VÖDL- AST				FETILL HÁLS- INUM						RÓMV. TALA FYLKING	5		
SÁ ÁTJÁNDI		SLAG- BRANDS DRYKK				RÍÐAR ÓPOKKI					SÁ 12. PRÚTTA		
GETA			ÁFLOGIN AULA						SKIP HEIT				
	TÁKN STEFNA			6	ELSKAÐI HLÝT			BERG- LÖG TEKST					
STAF- NUM					ELDSINS BASSA- LYKILL					GELT SK.ST. 1000 ML	7		
LIFI- BRAUÐ							MEINT						

Dregið verður úr réttum lausnum til verðlauna.
Verðlaunin eru val á milli 7.000 kr. greiðslu eða helgardvöl í orlofshúsum félagsins
frá 15. september – 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum.
Við skorum á félagsmenn að taka þátt – síðasti móttökudagur á lausnum er 15. janúar 2011.
Lausn má senda á skrifstofu eða í tölvupósti strv@bsrb.is



Símenntun ... gefur augaleið

Símenntun er samofin störfum

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur ríkisins og stéttarféлага innan BSRB um símenntun og starfsþróun. Setrið býður upp á fjölbreytt úrval starfstengdra námsleiða þar sem fræðsluþarfir starfsmanna ríma við starfsmarkmið stofnana. Námskeiðin eru haldin um allt land í samstarfi við vinnustaði og fræðsluaðila í krafti öflugs vefkerfis og faglegs samstarfsnets.

Öll þjónusta Starfsmenntar er sérsniðin og aðlöguð að þörfum stofnana eða starfshópa og án endurgjalds fyrir félagsmenn BSRB, sem hluti af samningsbundnum réttindum þeirra til starfsþróunar.

Starfsmennt býður upp á:

- Starfstengdar námsleiðir sem sérsniðnar eru fyrir stofnanir og starfsgreinar
- Þverfagleg námskeið sem efla almenna starfshæfni og nýttast öllum
- Ráðgjafi að láni til stofnana
- Náms- og starfsráðgjöf
- Fjarkennt tölunám
- Farandfyrirlestrar

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Starfsmenntar þar sem skráning fer fram og einnig hjá starfsfólki.



www.smennt.is